



## Stefnumótun í skiltun meðfram vegakerfinu

Rannsóknarverkefni Vegagerðarinnar  
 Apríl 2016



þekkingarleit -ar kv

da sér kunnátta, það ar

efla skilning á e-u

iskubrunninn

þekkingarþr

ýsni, námfýsi

rangrar) KK 1 ávöxtur

niðurstæðingum me

af einhverju > haf

(bera, gefa) góðan árangur

ánek > árangur

þróttun 2 / árferði virðing

-ar, -ur kv 1 mat, þa

það meta til verðs 2 álit, heiður • það að

> njót

virðingar / sýna e-m virðingu / bera virðingu j

for|skot HK 1 frestur 2 forhlaup, sá munur sem keyr

fram yfir keppinauta sína þegar hann fær t.d. að byrja fy



15176

S:\2015\15176\1\Greinagerð\15176\_Greinagerð.docx

Apríl 2016

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	18.04.2016	KEP	SÓ	KEP

Forsíðumynd:

Ingolf. „Signs in Fludir“ 20.05.2010. Sótt af <https://www.flickr.com/photos/mrgniqq/> (CC BY-NC 2.0)



## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur</b>	<b>3</b>
1.1	Bakgrunnur	3
1.2	Tilgangur og markmið	4
1.3	Reglur um vegvísa á Íslandi	4
<b>2</b>	<b>Leitað til Norðurlandanna</b>	<b>7</b>
2.1	Svíþjóð	7
2.1.1	<i>Menningarverðmæti og tungumál</i>	7
2.1.2	<i>Vegvísun að þjónustu og fyrirtækjum</i>	7
2.1.3	<i>Afstaða til auglýsinga meðfram vegum</i>	9
2.2	Noregur	10
2.2.1	<i>Menningarverðmæti og tungumál</i>	10
2.2.2	<i>Vegvísun að þjónustu og fyrirtækjum</i>	11
2.2.3	<i>Afstaða til auglýsinga meðfram vegum</i>	14
2.3	Danmörk	14
2.3.1	<i>Menningarverðmæti og tungumál</i>	14
2.3.2	<i>Vegvísun að þjónustu og fyrirtækjum</i>	15
2.3.3	<i>Afstaða til auglýsinga meðfram vegum</i>	19
<b>3</b>	<b>Niðurstöður</b>	<b>20</b>
<b>4</b>	<b>Umræða</b>	<b>22</b>
<b>5</b>	<b>Heimildir</b>	<b>23</b>

## 1 Inngangur

Þörf er á heildarsýn yfir verklag á uppsetningu skilta meðfram vegakerfi Íslands. Í ljósi fjölgunar erlendra ferðamanna þarf að gefa gaum að notkun erlends texta á umferðarskiltum og á þjónustu- og upplýsingamerkjum, og hvort og í hvaða tilvikum það sé nauðsynlegt að nota erlendan texta á skilti.

Úttekt á umferðarskiltum hérlendis frá árinu 2014 gefur til kynna að margt megi bæta og að skilti séu oft misvísandi fyrir erlenda ferðamenn (Birna Hreiðarsdóttir, 2014). Aftur á móti verður einnig að horfa til náttúru- og menningarverðmæta ásamt upplifun af umhverfi og náttúru Íslands, og því mikilvægt að til séu skýr viðmið um heimildir fyrir uppsetningu skilta og notkun erlends texta á þeim.

Mörk milli þjónustuvegvísunar og auglýsinga þurfa einnig að vera skýr. Fordæmi eru fyrir því hérlendis að nöfn og merki (lógó) fyrirtækja séu sett á vegvísa. Ekki er hægt að gera einu fyrirtæki hærra undir höfði en öðru og tilgangur vegvísunar er í grunninn að aðstoða fólk við að rata. Hins vegar er ljóst að á vegum þar sem þjónusta er af skornum skammti getur það hjálpað fólk að fá upplýsingar um gerð og staðsetningu þjónustu meðfram veginum.

Hérlendis hefur mikið verið rætt um skilti sem annað hvort eru ekki til staðar við ferðamannastaði eða eru óskiljanleg erlendum ferðamönnum sem leiðir af sér hættur og jafnvel slys. Í þessu verkefni verða ekki tekin fyrir hættu- og aðvörunarskilti þar sem tíðkast hefur að hafa þau á íslensku og á ensku. Bæta má ýmislegt í þeim efnum en vísað er í fyrrgreinda skýrslu frá 2014 sem rekur þessi vandamál (Birna Hreiðarsdóttir, 2014). Mikilvægt er að nota tákni á slíkum skiltum sem eru alþjóðleg og lýsandi.

Í verkefninu var aflað upplýsinga um reglur og afstöðu Norðurlandanna; Svíþjóðar, Noregs og Danmörku, til eftirfarandi þátta:

- ▶ Hlutverk umferðarskilta í varðveislu og miðlun menningarverðmæta
- ▶ Notkun tungumála á umferðarskiltum
- ▶ Reglur um vegvísa
- ▶ Afstöðu vegayfirvalda til auglýsinga meðfram vegum

### 1.1 Bakgrunnur

Unnin var skýrsla fyrir samgönguráð árið 2006: „Erlendir ferðamenn á Íslandi. Þróun á ferðavenjum og áhrif á samgöngukerfi“ (Bjarni Reynarsson, 2006). Þar kemur fram að fjölgun erlendra ferðamanna hefur verið hröð, og að vaxandi hluti þeirra leigir bílaleigubíl. Þó að ekki sé talið að ferðir erlendra ferðamanna um landið hafi afgerandi breytingar á samgöngukerfinu í för með sér á næstu árum þá leggur skýrsluhöfundur til að víða megi bæta merkingar vega og leiða á ensku. Einnig telur skýrsluhöfundur að æskilegt sé að upplýsingar um færð og ástand vega og slóða á hálendi séu aðgengilegar á ensku.

Í skýrslunni „Umferðarmerki á Íslandi í ljósi fjölgunar erlendra ökumanna á vegum landsins“ frá árinu 2014 er tekið í sama streng og segir skýrsluhöfundur að fjölgun erlendra ökumanna á vegum landsins vekji upp þá spurningu hvort umferðarmerkjakerfið sé nógu upplýsandi fyrir notendur vegakerfisins (Birna Hreiðarsdóttir, 2014). Skýrsluhöfundur kallar á heildstæða stefnu af hálfu stjórnvalda um umferðarmerki þar sem slík stefna liggur ekki fyrir.

Með vaxandi ferðamannafjölda, og þar með auknum fjölda erlendra ökumanna á vegum landsins ásamt samkeppni í ferðaþjónustu, er líklegt að fyrirtæki í ferðaþjónustu vilji beina athygli ferðamanna að sinni starfsemi með þjónustu og upplýsingamerkjum. Það er því þörf á stefnumótun um uppsetningu slíkra skilta og verklag fyrir ákvörðunartöku um heimilun þeirra, sem og notkun erlendra tungumála á þeim.

Í 72. gr. náttúruverndarlaga nr. 80/2013 segir að í megindráttum sé óheimilt að setja auglýsingar upp meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis. Þó má gera undantekningar ef um er að ræða látlausar auglýsingar um atvinnurekstur, þjónustu eða vörur á þeim stað þar sem starfsemin eða framleiðslan fer fram. Ráðherra getur skorið úr um látleysi auglýsingar og varðar það við refsingu sé hún það ekki. Reyndar er áréttað um auglýsingar í ýmsum öðrum lögum og þarf að gæta að ákvæðum þeirra. Það er því mikilvægt að samræma verklag milli ráðuneyta fyrir þennan málaflokk.

## 1.2 Tilgangur og markmið

Tilgangur verkefnisins er að veita innsýn í hvernig Norðurlandþjóðirnar; Svíþjóð, Noregur og Danmörk, meðhöndla notkun erlends texta á umferðarskiltum. Beint verður sjónum að vegvísunum, og þá sérstaklega þjónustuvegvísunum, þar sem slíki vegvísun er oft beint að ferðamönnum. Skoðað verður hvort Norðurlöndin leyfa nöfn og lógó fyrirtækja á slíkum vegvísunum, og hver afstaða þeirra er til auglýsinga meðfram vegsvæðum.

Markmiðið með þessari heimildaöflun er því að leggja grunn að stefnumótandi vinnu héraðs varðandi texta á umferðarskiltum.

Spurningarnar sem leitast verður við að svara eru:

### ► Erlendur texti á umferðarskiltum.


1. Hver er almenn stefna Norðurlandþjóðanna um notkun erlendra tungumála á umferðarskiltum?
2. Er erlendur texti leyfður á vegvísunum á Norðurlöndunum?
3. Eru erlend heiti fyrirtækja/vörumerkja leyfð á skiltum á Norðurlöndunum?

### ► Mörk milli þjónustuvegvísunar og auglýsinga.

1. Eru nöfn og lógó fyrirtækja leyfð á vegvísunum á Norðurlöndunum?
2. Hver er afstaða vegayfirvalda Norðurlandþjóðanna til auglýsinga á vegsvæðum?

## 1.3 Reglur um vegvísa á Íslandi

Í reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra segir um vegvísa að þeim sé ætlað að leiðbeina öikumönnum um leiðarval. Miðað er við að á höfuðborgarsvæðinu séu bláir og hvítir vegvísar (blátt letur á hvítum fleti) en annars staðar gulir og svartir vegvísar (svart letur á gulum fleti). Sjá dæmi á mynd 1.1. Stærð vegvísa á þjóðvegum utan kaupstaða og kaupsýna er háð samþykki vegamálastjóra, annars lögreglustjóra (*Reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995, 1995*).



Mynd 1.1 Dæmi um notkun á vegvísunum, utan þéttbýlis t.v. og innan þéttbýlis t.h. (Vegagerðin og Reykjavíkurborg, 2013)

Rauðir staðarvísar (rautt letur á hvítum fleti) eru settir við vegamót þar sem leið liggur til athyglisverðs staðar, flugvallar, hafnar, opinberrar byggingar eða annars þjónustustaðar. Staðarheiti, vegnúmer og fjarlægð í km er letrað á skiltið eftir því sem ástæða þykir til. Nota ætti rauða og hvíta staðarvísa í stað hefðbundinna vegvísa að fjölsóttum ferðamannastöðum (Vegagerðin og Reykjavíkurborg, 2013).

Utan þéttbýlis er leyfilegt að setja 1-2 þjónustutákn af gerð E02.61, E02.62, E02.63, E02.64, E02.65 og E08.11 á rauða staðarvísa. Þegar nota þarf fleiri slík tákn skal setja

þau fyrir neðan staðarvísinn. Sjá dæmi um notkun á mynd 1.2. Staðartöflur má setja þar sem leið liggur til staðar sem er sérlega áhugaverður fyrir ferðafólk. Staðarheiti og fjarlægð í km skal lettra á skiltið. Í stað tákns getur verið teikning af staðnum. Sjá dæmi um notkun á mynd 1.3 (Vegagerðin og Reykjavíkurborg, 2013).



Mynd 1.2 Dæmi um notkun á rauðum staðarvísi með þjónustutákni (Vegagerðin og Reykjavíkurborg, 2013).



Mynd 1.3 Dæmi um notkun á staðartöflu með teikningu af staðnum (Vegagerðin og Reykjavíkurborg, 2013).

Bláir staðarvísar (gult letur á bláum fleti) eru settir við vegi til að vísa á tiltekna staði, t.d. býli. Utan þéttbýlis gildir að ef staður sést ekki frá aðalleið skal geta vegalengdar á staðarvísnum. Heimilt er að bæta skýringartexta við nöfn staða, sjá dæmi um notkun á mynd 1.4. Heimilt er að setja lógó á vegvísi, og það skal þá vera á íslensku, sjá dæmi um notkun á mynd 1.5 (Vegagerðin og Reykjavíkurborg, 2013).



Mynd 1.4 Dæmi um notkun á bláum staðarvísnum þar sem skýringartexta hefur verið bætt við nöfn staða. Á efri vegvísnum eru þjónustutákn notuð og á neðri vegvísnum er fjarlægðartala sýnd (Vegagerðin og Reykjavíkurborg, 2013).



Mynd 1.5 Dæmi um notkun á bláum staðarvísi þar sem er notað lógó fyrirtækis (Vegagerðin og Reykjavíkurborg, 2013).

Staðarleiðavísa má setja við vegi til nánari upplýsingar fyrir vegfarendur um staði og þjónustu. Nöfn staða sem vísað er á eru með hvítum stöfum. Helsta þjónustustarfsemi staðarins er gjarnan sýnd með stærra tákni en önnur þjónusta. Lógó, eins og lógó fyrir ferðaþjónustu bænda, má setja á eftir nafni staðar. Dæmi um notkun á staðarleiðavísi má sjá á mynd 1.6 (Vegagerðin og Reykjavíkurborg, 2013).



Mynd 1.6 Dæmi um notkun á staðarleiðavísi. Helsta þjónustustarfsemi staðarins er sýnd með stærra tákni en önnur þjónusta. Lógó fyrirtækis er leyft á eftir nafni staðar (Vegagerðin og Reykjavíkurborg, 2013).

## 2 Leitað til Norðurlandanna

Skoðaðar voru reglur og leiðbeiningar frá Svíþjóð, Noregi og Danmörku um umferðarskilti, þá sérstaklega reglur um vegvísa. Leitað var að upplýsingum um eftirfarandi:

- ▶ Hlutverk umferðarskilta í varðveislu og miðlun menningarverðmæta
- ▶ Notkun tungumála á umferðarskiltum
- ▶ Reglur um vegvísa
- ▶ Afstöðu vegayfirvalda til auglýsinga meðfram vegum

### 2.1 Svíþjóð

#### 2.1.1 Menningarverðmæti og tungumál





Trafikverket (sænska samgöngustofnunin) segir vegvísa mikilvæga til að halda utan um og varðveita örnefni og hafa þeir því menningarlegt hlutverk. Samkvæmt lögum í Svíþjóð um menningararfleifð eiga sveitarfélög og ríki að fara vel með notkun örnafna. Meðal annars skal nafnið vera stafsett rétt og aðeins nöfn sem hafa verið samþykkt fyrir opinbera kortagerð skulu notuð á vegvísa. Staðarheiti sem eru notuð eiga að vera til á skrá Landmælinga yfir örnefni. Nöfn á þeirri skrá hafa verið yfirfarin af tungumála – og nafnasérfræðingum (Trafikverket, 2015b).

Í sænsku reglugerðinni um umferðarmerki er ekki talað sérstaklega um tungumál á skiltum. Hins vegar er tekið fram, fyrir merki C33 sem skyldar vegfarendur til að stöðva við tollstöð, að textinn undir láréttri línu á skiltinu (fyrir neðan textann "Tull") eigi að vera á því tungumáli sem er við hæfi. Líklegast á hér við tungumál landsins sem deilir landamærum með Svíþjóð (*Vägmärkesförordning (2007:90)*, 2007).



#### 2.1.2 Vegvísun að þjónustu og fyrirtækjum

Í sænsku reglugerðinni um umferðarmerki segir um vegvísa að notast skuli við lista yfir landfræðilega staði þegar vegvísar eru settir upp meðfram þjóðvegum (*Vägmärkesförordning (2007:90)*, 2007).

Í regluverkinu er sérstaklega talað um **vegvísun að þjónustu**. Mörg tákn eru í boði til að vísa á ákveðna gerð þjónustu. Mögulegt er að bæta við nafni staðar þar sem þjónustan er eða nafni fyrirtækis sem veitir þjónustuna. Einnig er hægt að sleppa táknu og hafa aðeins texta. Þjónustuaðilar geta verið bensínstöðvar, veitingastaðir, hótél, hvíldarstaðir eða annað sem einblínir á þjónustu við ökumenn. Nokkur dæmi um slíka notkun þjónustutákna á vegvísunum má sjá í eftirfarandi töflu (Trafikverket, 2015e).

Tákn	Dæmi um vegvísun	Skýring á tákni
 H2	 Hér er vísað á verkstæði sem heitir Bilbolaget.	Þetta tákn má nota á vegvísi að bifreiðaverkstæði þar sem neyðarviðgerðir eru framkvæmdar á algengustu gerðum bifreiða. Þetta tákn á aðeins að nota á vegum þar sem slík þjónusta er sjaldgæf.
 H5	 Hér vísað á kaffihús sem heitir Kaffestugan.	Þetta tákn má nota á vegvísi að stöðum sem bjóða upp á drykki og einfaldar máltíðir. Þetta tákn má ekki nota á þéttbýlum svæðum, þar sem venjulega eru kaffihús. Kaffihúsið sem vísað er á skal hafa sæti innandyra og er með venjulegan opnunartíma.



 <p>H7</p>	 <p>Hér er vísað á hótél sem heitir Vilan.</p>	<p>Þetta tákn má ekki nota með táknri fyrir veitingastað.</p> <p>Þetta tákn má aðeins nota á vegvísi að gististöðum sem geta tekið á móti a.m.k. níu gestum samtímis eða hafa a.m.k. fimm gestaherbergi. Staðirnir skulu vera með venjulegan opnunartíma. Gestir eiga að geta innritað sig að nóttu til.</p> <p>(Trafikverket, 2015e)</p>
---	---	---





Trafikverket leyfir uppsetningu vegvísa að þjónustu frá nálægasta þjóðvegi. Þeir leyfa yfirleitt ekki vegvísa á stöðum í þéttbýli. Undantekning á þessu getur verið staður sem dregur að sér mikla umferð og umferðaraðstæður eru flóknar. Sá sem sækir um vegvísun skal borga fyrir framleiðslu og uppsetningu slíkra skilta. Ef vegvísir frá þjóðvegnum leiðir ökumenn um einkaveg þurfa umsækjendur að fá skriflegt samþykki eigenda vegarins (Trafikverket, 2015e).

Tekið er fram í reglugerð fyrir umferðarmerki að við sum þjónustutákn má bæta við lógó fyrirtækis sem veitir þjónustuna. Þetta á við um tákn H3, sem er tákn fyrir bensínstöð, og tákn H23, sem er tákn fyrir grunnupplýsingar um þjónustu meðfram veginum (*Vägmärkesförrdning (2007:90)*, 2007). Í töflunni hér að neðan eru upplýsingar um tákn H23 sýndar.

Merki	Dæmi um vegvísun	Skýring á merki
 <p>H23</p>		<p>Merkið veitir upplýsingar um þjónustuaðila meðfram veginum og í sumum tilvikum nöfn þjónustuaðila. Hægt er að bæta nafni eða lógó fyrirtækis við táknin fyrir bensínstöð, veitingastað og hótél.</p> <p>(Elenor Persson, 2011)</p>

Einnig eru til leiðbeiningar um **vegvísun að starfsemi**. Rétt eins og fyrir vegvísun að þjónustu eru til ýmis tákn sem sýna hvers lags starfsemi er á ferðinni. Hægt er að hafa nafn á starfseminni með tákninu eða hafa aðeins texta á skiltinu. Almenn starfsemi getur verið sjúkrahús, iðnaðarsvæði, járnbrautarstöðvar og flugvelli. Starfsemi einkaaðila getur verið verslunarkjarnar, matvöruverslanir og önnur skyld starfsemi. Nokkur dæmi um slíka notkun þjónustutákna á vegvísunum má sjá í töflu hér að neðan (Trafikverket, 2015c).

Eins og fyrir vegvísun að þjónustu er vegvísun að starfsemi ekki leyfð í þéttbýli fyrir utan ef um er að ræða neyðarmóttöku sjúkrahúsa eða staði sem draga að sér mikla umferð, eða ef umferðaraðstæður eru flóknar. Sá sem sækir um vegvísunina borgar fyrir framleiðslu og uppsetningu skiltis rétt eins og fyrir vegvísun að þjónustuaðila (Trafikverket, 2015c).

Tákn	Dæmi um vegvísun	Skýring á tákn
 <b>G10</b>	 Hér er vísað á verslunarkjarna sem heitir Solbacken.	Þetta tákn má aðeins nota á vegvísi að stærra svæði ætlað fyrir verslun.
 <b>G5</b>	 Hér vísað á iðnaðarsvæði sem heitir Slätten.	Þetta tákn má aðeins nota á vegvísi að svæðum ætluð fyrir iðnað eða svipaða starfsemi.

(Trafikverket, 2015c)

Það er ávallt sá sem sækir um vegvísun að almennri stofnun, þjónustu eða áhugaverðum ferðamannastað sem borgar fyrir framleiðslu og uppsetningu skiltis (Trafikverket, 2015a)

Fyrirtæki geta sótt um vegvísun að sinni starfsemi hjá Trafikverket. Vegvísun að fyrirtækjum á að vera skilti með svörtum texta á hvítum bakgrunni. Það má einnig nota tákn, eins og t.d. kaffibolla, þegar verið er að vísa að kaffihúsi (Trafikverket, 2015d).

Afbrigði af vegvísun að fyrirtækjum er svokölluð einfölduð vegvísun. Hún getur virkað á minni vegum þar sem fyrirtæki eru starfrækt árstíðabundið og eru bara opin á daginn. Fyrirtæki mega sjálf setja upp einfaldaða vegvísun og stendur hún uppi meðan starfsemin varir. Skiltið þarf þá ekki að vera með endurskinsefni og er létt að taka niður og setja upp. Þetta gæti verið ódýrari kostur fyrir fyrirtæki (Trafikverket, 2015d).


Á stöðum eins og sjúkrahúsum, flugvöllum, viðskiptasvæðum eða sambærilegu má vegvísun vera framkvæmd öðruvísi en tilgreint er í reglugerðinni um umferðarmerki (*Vägmärkesförordning (2007:90)*, 2007).

### 2.1.3 Afstaða til auglýsinga meðfram vegum

Mörg fyrirtæki vilja setja upp auglýsingu nálægt þjóðvegum. Því fleiri sem aka um veginn því fleiri geta fyrirtæki náð til með auglýsingum sínum. Til að setja upp auglýsingaskilti á vegsvæði þjóðvegur þarf að sækja um leyfi frá veghöldurum. Ef auglýsingin á að standa utan vegsvæðisins er það sveitarfélagið eða viðkomandi stjórn fylkis sem þarf að útvega byggingarleyfi eða heimild. Í flestum tilvikum gerir Trafikverket athugasemdir áður en ákvörðun er tekin. Á mynd 2.1 sjást mörk ákvörðunarvalds þessa aðila þegar kemur að uppsetningu auglýsinga (Trafikverket, 2014b).

Almenn afstaða Trafikverket til auglýsinga er sú að þær eiga ekki heima á vegsvæðinu. Það er hægt að gera undantekningar fyrir hvíldarsvæði og fyrir almennar upplýsingar eins og kosningaplaköt og merkingar á vatnsverndarsvæðum (Trafikverket, 2014b).

Trafikverket metur staðsetningu og hönnun auglýsingaskilta með tilliti til umferðaröryggis. Áhrif auglýsingaskilta á umferðaröryggi er það sem ræður afstöðu Trafikverket til uppsetningu þeirra (Trafikverket, 2014b).



Mynd 2.1 Mörk ákvörðunarvalds Trafikverket og sveitarfélaga þegar kemur að auglýsingum meðfram vegum (Trafikverket, 2014a)

## 2.2 Noregur

### 2.2.1 Menningarverðmæti og tungumál

Statens Vegvesen (norska vegagerðin) segir staðarheiti mikilvægan hluta af menningararfleifð norsku þjóðarinnar. Þeir sem veita leyfi fyrir skiltum bera ábyrgð á því að viðhalda þessari arfleifð þegar kemur að notkun staðarheita á umferðarskiltum. Vegvísar hafa sérstakt hlutverk þegar kemur að því að halda utan um staðarheiti (Statens Vegvesen, 2014b).

Statens Vegvesen vill ekki nota nöfn á vegum og stöðum sem eru búin til í markaðsskyni, eins og "Útsiktsvegen" (Útsýnisvegurinn), "The Mountain road" (Fjallavegurinn), eða sambærileg heiti. Þó gilda sérstakar reglur um svokallaða ferðamannavegi (no. Nasjonale turistveger) (Statens Vegvesen, 2014c).

Þegar vegvísir er settur upp skal ganga úr skugga um að stafsetning staðarheitis samræmist reglum og lögum um staðarheiti. Upplýsingar um staðarheiti eru í opinberri staðarheitaskrá fyrir kortlagningu (Statens Vegvesen, 2014c).

Þegar staður hefur einungis samískt (no. samisk), kvenskt (no. kvensk) eða norskt nafn skal einungis það nafn notast. Það er ekki leyft að þýða samísk eða kvensk nöfn yfir á norsku í slíkum tilfellum. Þegar staður hefur bæði norskt nafn og samískt og/eða kvenskt nafn og samíska/kvenska er notuð meðal fólksins sem býr þar eða hefur tengingu við staðinn skal nota bæði eða öll nöfnin. Það má ekki nota fleiri en tvö tungumál á upplýsingaskilti, vegvísa og fjarlægðarskilti. Á staðarheitaskilti má nota þrjú tungumál. Þar sem nauðsynlegt er að velja á milli norsku, samísku og kvensku skal nota nafnið sem mest hefð er fyrir og er mest notað á staðnum. Sjá dæmi um notkun á mynd 2.2 (Statens Vegvesen, 2014c).

Þegar vísað er til staðar í öðru landi, t.d. til staðar í Svíþjóð, Finnlandi og Rússlandi, skal staðarheitið stafsett eins og í viðkomandi landi. Sjá mynd 2.3 (Statens Vegvesen, 2014c).



Mynd 2.2 Dæmi um notkun á samísku, kvensku og norsku á umferðarskiltum í Noregi (Statens Vegvesen, 2014c).

Þegar texti er notaður á skilti skal hann vera á því málformi sem viðtekið er í sveitarfélaginu sem skiltið er sett upp í, það er annað hvort á bók máli eða nýnorsku. Þegar kemur að stöðluðum texta á skiltum er reynt að nota texta sem skilst bæði á bók máli og nýnorsku. Þegar það er ekki hægt er textinn gefinn upp á báðum málunum (Statens Vegvesen, 2014b).

Í sumum tilvikum getur verið nauðsynlegt að hafa einnig texta á öðru tungumáli en norsku.

Höfuðreglan er sú að enska sé þá valin. Dæmi um slíkt eru t.d. skilti fyrir tollstöðvar og vegtolla. Sjá mynd 2.4. Ef notkun tungumála á skiltum er önnur en kveðið er á um í reglugerð umferðarskilta, þarf samþykki vegafirvalda (Statens Vegvesen, 2014b).



Mynd 2.3 Dæmi um vegvísa að stöðum í öðrum löndum í Noregi (Statens Vegvesen, 2014c).



Mynd 2.4 Dæmi um skilti með texta á tveimur tungumálum (Statens Vegvesen, 2014b).

Önnur dæmi eru um notkun ensku á skiltum í Noregi, t.d. á viðvörðunarskiltum.

### 2.2.2 Vegvísun að þjónustu og fyrirtækjum

Í Noregi veita vegvísar upplýsingar um staðarheiti, starfsemi, val á leiðum, val á akreinum og fjarlægðar til áfangastaðar. Vegvísur þar er skipt upp í flokka og eru litir notaðir til að greina á milli gerðar þeirra (Statens Vegvesen, 2012b):

- ▶ Gulir vegvísar (bláir á hraðbrautum) vísa á landfræðilega staði.
- ▶ Hvítir vegvísar (eða hvítir reitir á gulum og bláum skiltum) vísa á staði sem veita þjónustu og önnur fyrirtæki.
- ▶ Brúnir vegvísar vísa á ferðamannastaði.

- ▶ Appelsínugulir vegvísar vísa á hjáleiðir, t.d. vegna vegavinnu.

Fjallað er sérstaklega um **vegvísun að starfsemi** í norskum leiðbeiningum um vegvísa. Er slíkri vegvísun ætlað að hjálpa vegfarendum að rata að starfsemi á svæðum meðfram vegum. Það eiga ekki að vera meira en 5 km frá fyrsta vegvísi að áfangastað. Í mjög strjálbýlu umhverfi má vísa á staði í meiri fjarlægð (Statens Vegvesen, 2015).

Starfsemin getur verið opinber eða einkarekin; stofnanir, fyrirtæki eða þjónustustaðir. Vegvísun að starfsemi getur auðveldlega orðið mjög umfangsmikil og þarf því að skoða þörf fyrir slíkri vegvísun fyrir hvert tilfalli. Til að starfsemi eigi rétt á vegvísun þurfa eftirfarandi skilyrði að vera uppfyllt (Statens Vegvesen, 2014c):

- ▶ Erfitt er að finna staðinn með landfræðilegri vegvísun eða heimilisfangi.
- ▶ Staðurinn dregur að sér mikla umferð ókunnugra vegfarenda.
- ▶ Fullnægjandi aðkomuvegur er frá veginum sem vísað er frá að staðnum og næg bílastæði, þannig að önnur umferð er ekki sett í hættu eða seinkað.
- ▶ Staðurinn eða aðkomuvegurinn að honum sést ekki vel frá veginum.
- ▶ Staðurinn er ekki með ólöglega auglýsingu meðfram veginum, eða löglega auglýsingu sem gerir vegvísi ónauðsynlegan.

Vegvísun að starfsemi er mikilvæg svo að vegfarendur rati að starfseminni. Yfirvöld eiga að heimila slíka skiltun, ef hún er gerð með tilliti til þeirra reglna sem gilda, t.d. krafna um samfellu í vegvísunum og hámarksfjölda staða sem vísað er á á sama stað. Góð landfræðileg vegvísun og umfangsmeiri heimilsfangavegvísun ætti að lágmarka þörf fyrir vegvísun að starfsemi og er því í forgangi (Statens Vegvesen, 2014c).

Nöfn fyrirtækja á vegvísunum eiga að vera eins stutt og mögulegt er, t.d. á að taka burt „ehf.“ og þess háttar skammstafanir (no. „AS“ og „& co“). Oft er lýsing á gerð starfsemi meira upplýsandi heldur en nafn hennar, t.d. leikskóli eða kvikmyndahús. Að nota bæði gerð starfsemi og nafn hennar er venjulega ekki gert. Ekki er leyft að nota lógó fyrirtækja (Statens Vegvesen, 2014c).

Tákn má nota á vegvísunum til að vísa á staði sem eru ekki staðsettir nálægt veginum. Fjarlægð til staðarins er sýnd á vegvísunum á gatnamótum. Táknnum er skipt upp í tvo megin flokka (Statens Vegvesen, 2012a):

- ▶ Blá tákn sem veita upplýsingar um neyðarhjálp og vegþjónustu og er beint að öllum vegfarendum.
- ▶ Brún tákn sem veita upplýsingar um áfangastaði, afþreyingu, útivist og fleira og er beint að ferðamönnum.

Fyrirtæki sem vilja skilti að sinni þjónustu þurfa að sækja um leyfi hjá veghaldara, Statens vegvesen eða viðkomandi sveitarfélagi (Statens Vegvesen, 2012a).

Dæmi um blá og brún tákn má sjá á mynd 2.5. Vegvísir að þjónustu er svartur texti á hvítu skilti með bláu tákni. Vegvísir að ferðamannastað er hvítur texti á brúnu skilti með brúnu tákni (Statens Vegvesen, 2015).

Almennt gildir um þjónustuskilti og vegvísun að starfsemi að ekki eigi að nota önnur tákn en gefin eru upp í reglugerð um skilti. Þar með talin eru lógó fyrirtækja. Tákn á bara að nota á þjónustuskilti og vegvísa (Statens Vegvesen, 2015).



Mynd 2.5 Dæmi um blá og brún tákn (Statens Vegvesen, 2015).

Þeir sem sækja um vegvísi að fyrirtæki sínu þurfa að greiða sjálfsábyrgð sem nær yfir viðhald skiltisins næstu 5 árin (Statens Vegvesen, 2015).

Eins og áður sagði er hægt að hafa tákn á vegvísunum til að vísa á staði sem veita þjónustu, opinbera stofnun eða fyrirtæki. Þegar tákn er notað á vegvísi er hægt að hafa staðarheiti með. Einnig má setja nokkur tákn á sama skiltið, þó er það skilyrðum háð og sum þtákn má ekki nota samtímis. Í flestum tilvikum má ekki setja nafn fyrirtækis né lógó fyrirtækis samhliða tákni. Dæmi um notkun á slíkum táknum má sjá í töflunni fyrir neðan (Statens Vegvesen, 2015).

Tákn	Dæmi um vegvísun	Skýring á tákni
 608	 ©2016 Google	Þetta tákn má nota á vegvísi að verkstæði á svæðum þar sem verkstæði eru sjaldgæf. Verkstæðið má ekki vera sérhæft. Það má nota fleiri tákn samtímis. Það má gefa upp staðarheiti. Það má ekki sýna nafn fyrirtækis með þessu tákni.
 626	 ©2015 Euroskilt	Þetta tákn má nota á vegvísi að gististöðum sem uppfylla kröfur skv. reglugerð. Hægt er að nota önnur tákn samtímis. Staðarnafn eða gerð þjónustunnar (hótel, mótél, o.fl.) má gefa upp á skiltinu. Nafn fyrirtækis má setja á skiltið í staðinn ef nauðsynlegt er að greina á milli fyrirtækja.
 614		Þetta tákn má nota á vegvísi að einföldum kaffihúsum, stöðum sem selja einfaldar máltíðir og sjoppum. Gerð þjónustu má gefa upp á skiltinu. Nafn fyrirtækis má ekki sýna á skiltinu.

(Statens Vegvesen, 2015)

Í töflunni sést að á vegvísunum í annarri línu er nafn hótels uppgengið samhliða tákni fyrir gististað. Það sem vekur athygli er að hótelið heitir „Sola Strand Hotel“ og er því heiti hótelsins að hluta til á ensku þar sem hótel á norsku er „hotell“. Það þýðir þá að stafsetning fyrirtækja á skiltum er ekki háð sömu kröfum um stafsetningu og staðarheiti.

Einnig sést að tákn fyrir kaffihús má ekki nota samtímis nafni kaffihúss. En eins og sést á mynd 2.6 er vísað á kaffihús með nafni kaffihússins, en þar sem nafnið er notað er ekkert tákn sem sýnir gerð þjónustu.

### 2.2.3

#### **Afstaða til auglýsinga meðfram vegum**

Í norsku lögunum er grunnreglan sú að það er ekki leyfilegt að setja upp auglýsingar sem beinast að eða eru sýnilegar vegfarendum án sérstaks leyfis frá vegayfirvöldum. Það þarf hins vegar ekki að sækja um að setja auglýsingu á byggingu sem fyrirtækið sjálft er rekið í – eigin auglýsing. Vegayfirvöld eiga rétt á að krefjast þess að auglýsingar sem eru hættulegar umferðinni eða settar upp ólöglega séu fjárlægðar, eða jafnvel sjá til þess sjálf að þær séu fjárlægðar. Þau geta einnig krafist þess að fyrrgreindum auglýsingum á byggingum sé breytt eða þær fjárlægðar ef þær ógna umferðaröryggi (Statens Vegvesen, 2014a).



Mynd 2.6 Vegvísun að kaffihúsi sem heitir Bestemors Kafé. © Bestemors Kafé Facebook

Opinber umferðarskilti á ekki að nota í auglýsingaskyni, en við vissar aðstæður er hægt að nota þau til að koma upplýsingum og vegvísun að fyrirtækjum sem erfitt er að finna á annan máta (Statens Vegvesen, 2014a).

Fyrirtæki sem sett hafa upp ólöglega auglýsingu eða umferðaröryggi stafar hætta af uppsetningu hennar, er óheimilt að nota opinber þjónustuskilti eða vegvísa. Þegar fyrirtæki hafa sett upp slík auglýsingaskilti þó þau hafi fengið samþykki fyrir þjónustuvegvísun að starfsemi sinni, er leyfið afturkallað og opinberu skiltin fjárlægð. Fyrirtæki sem eru vel sýnileg frá veginum með auglýsingu á byggingu eða frístandandi auglýsingaskilti eiga ekki að fá opinberan vegvísi við aðkomuvegi. Undantekningar er þó hægt að gera ef erfitt er að finna aðkomuvegin. Leyfi fyrir þjónustuskilti eða vegvísun að starfsemi inniheldur ákvæði um að skiltin geta verið fjárlægð ef löglegt auglýsingaskilti er sett upp (Statens Vegvesen, 2015).

Ákvæði í skipulags og byggingalögum í Noregi skilgreinir þær kröfur sem þurfa að liggja fyrir hjá sveitarfélögum fyrir skilti og auglýsingar. Ákvæðið tryggir bæði fagurfræði og tæknilegt öryggi við uppsetningu auglýsinga (Statens Vegvesen, 2014a).

Það hvort leyfilegt sé að setja upp auglýsingu meðfram vegi fer eftir hraða vegarins og gerð umferðarinnar sem fer um hann. Ef umferðaraðstæður eru flóknar og hraðinn hár eru auglýsingar ekki leyfðar (Statens Vegvesen, 2014a).

## 2.3

### **Danmörk**

#### 2.3.1

#### **Menningarverðmæti og tungumál**

Nöfn staða og vega sem sett eru á skilti þurfa að vera samþykkt af vegayfirvöldum (Vejdirektoratet, 2012).

Ekki er talað sérstaklega um tungumál í dönsku vegareglunum. Þó eins og fyrir hin Norðurlöndin eru undantekningar á notkun tungumáls fyrir viss skilti, t.d. fyrir skilti C92 sem bannar að fara um án þess að stoppa. Á skiltinu á að gefa upp ástæðu þess að vegfarendur eigi að stoppa undir láréttri línu á skiltinu. Á tollstöðvum á t.d. að nota orðið

“Stop” og undir láréttu línunni á að gefa upp orðið tollur á tungumáli landsins sem er við landamærin (Vejdirektoratet, 2015).

### 2.3.2 **Vegvísun að þjónustu og fyrirtækjum**

Þegar talað er um vegvísun í Danmörku er aðallega átt við þrjár mismunandi gerðir sem sjást á mynd 2.7 og eru eftirfarandi (Vejdirektoratet, 2008):

- ▶ Landfræðileg vegvísun, hvítt skilti með rauðum stöfum.
- ▶ Almenn þjónustuvegvísun, hvítt skilti með bláum stöfum.
- ▶ Sérstök þjónustuvegvísun, svart skilti með hvítum stöfum.



Mynd 2.7 Dæmi um þrjár gerðir vegvísa í Danmörku (Vejdirektoratet, 2008)

Almenn þjónustuvegvísun vísar á ferðamanna- og þjónustustaði en sérstök þjónustuvegvísun vísar á einkarekna starfsemi (ferðamenn eða afþreying). Sérstök þjónustuvegvísun vísar á fyrirtæki í opnu landi og borga fyrirtækin fyrir kostnað við slíka vegvísun (Vejdirektoratet, 2008).

Það eru reglur í Danmörku um hvenær það á við að setja upp skilti meðfram vegum. Reglurnar taka á því hvað er viðeigandi með tilliti til umferðaröryggis og umhverfis. Því verður ekki neitað að þörf er á skiltum en þau hjálpa vegfarendum að rata að stöðum og þjónustu. Vegayfirvöld í Danmörku fá daglega beiðnir frá fyrirtækjum um uppsetningu skilta eða auglýsinga meðfram þjóðvegum. Því er mikilvægt að hafa skýrar reglur en eins og sést á mynd 2.8 getur ástandið auðveldlega orðið óreiðukennt ef ekki er haldið vel utan um þennan málaflokk (Vejdirektoratet, 2008).

#### 2.3.2.1 *Almenn þjónustuvegvísun*

Almenn þjónustuvegvísun, bláir og hvítir vegvísar, hefur það hlutverk að vísa vegfarendum sem ekki eru staðkunnugir að stöðum eins og (Vejdirektoratet, 2014a):

- ▶ Flugstöðvar og hafnir, opinberar og einkareknar stofnanir og fyrirtæki eins og sjúkrahús, íþróttamannvirki, menningarmiðstöðvar, iðnaðarsvæði o.s.frv.
- ▶ Gististaðir og matsölustaðir nálægt vegum. Vegvísunin er hér aðallega sett fram með táknum.
- ▶ Afþreyingar- og ferðamannastaðir, t.d náttúrusvæði, íþróttavellir, baðstaðir, kirkjur, golfvöllir, fiskveiðistaðir o.s.frv.
- ▶ Útsýnisstaðir, bæði staðbundnir og á landsvísu. Í reglugerð eru tilteknar nánar þær gæðakröfur sem gerðar eru til slíkra útsýnisstaða svo leyfilegt sé að vísa á þá með sérstökum táknum, M52,1 og M52,2.





*På en smuk vej...*



*...skal man tage hensyn, når man skifter...*



*...ellers kan det gå galt.*



Mynd 2.8 Ástandið getur auðveldlega orðið óreiðukennt við vegi ef engar takmarkanir eru á heimildum fyrir uppsetningu skilta (Vejdirektoratet, 2008)

Sem almenn regla eru vegvísar aðeins settir upp þar sem umferðin kallar á þörf þess. Það er að segja að þeir eru aðeins settir upp þar sem aðstæður krefjast þess vegna umferðaröryggis eða umferðarflæðis (Vejdirektoratet, 2008).

Ef landfræðileg vegvísun, rauð og hvít, er sett upp á gatnamótum til að vísa á bæ þar sem ákveðið fyrirtæki er, er ekki talin umferðarleg þörf á að setja upp almenna

þjónustuvegvísun. Í reglum um almenna þjónustuvegvísun er tekið fram að landfræðileg vegvísun með bæjarheitum og vegnúmerum sé aðal vegvísunin. Því næst eru notuð skilti með götuheitum og húsnúmerum, þannig að vegfarandi ratar að ákveðnu heimilisfangi. Landfræðilegar vegvísanir og götuheitatöflur eiga að draga úr þörf á almennri þjónustuvegvísun (Vejdirektoratet, 2014a).

Tákn fyrir gerð þjónustu er hægt að nota á skilti fyrir almenna þjónustuvegvísun. Grundvallarreglan er sú að ef tákn er notað er texti ekki notaður samtímis. Hins vegar eru á því einhverjar undantekningar, t.d. fyrir tákn um iðnaðarsvæði og tákn fyrir staði sem veita upplýsingar, sjá skýringu í töflu hér fyrir neðan (Vejdirektoratet, 2012).

Tákn	Skýringar
 M57	Tákn fyrir iðnaðarsvæði. Samhliða notkun þessa tákns má gefa upp nafn á svæðinu.
 M61	Tákn fyrir stað sem veitir upplýsingar. Táknid getur átt við ferðamannastofur eða aðrar upplýsingamiðstöðvar. Samhliða notkun táknsins má gefa upp gerð upplýsinga á textaformi.

Vegfarendur sem fara lengri leiðir verða að geta fundið matsölu- og svefnstaði til að sporna við að verða of þreyttir og óeinbeittir við aksturinn. Þess vegna er vísað á slíka staði meðfram vegum. Að gistirýmum má setja upp vegvísi á nálægasta merкта veg. Að matsölustöðum má setja upp vegvísi á nálægasta stærri veg sem er á korti Vegagerðarinnar í mælikvarða 1:300.000 (Vejdirektoratet, 2008).

Þeir vegfarendur sem ferðast í viðskiptalegum tilgangi verða að geta fundið fyrirtæki og stofnanir. Þar sem fyrirtæki hafa hópast upp eða stór einstök fyrirtæki eru til húsa gæti verið þörf á að vísa á þau með almennri þjónustuvegvísun, það eru hvítir og bláir vegvísar. Þegar vísað er á slík iðnaðarsvæði er venjulega notað tákn fyrir iðnaðarsvæði samhliða (Vejdirektoratet, 2008).

Sumir vegfarendur þurfa að rata að íþrótt- og tólmstundastöðum, t.d. íþróttavöllum. Ef staðurinn er heimsóttur af mörgum sem eru ekki staðarkunnir getur verið nauðsynlegt að setja upp almenna þjónustuvegvísun. Þá er einnig notast við hvíta og bláa vegvísa en oft er bætt við sérstökum táknum (Vejdirektoratet, 2008).

Ferðamenn sem eru ekki staðkunnugir gera ráð fyrir að rata að bæjum með venjulegri landfræðilegri vegvísun. Það er þó mikilvægt að þeir rati einnig að útsýnisstöðum og ferðamannastöðum, t.d. kirkjum, náttúrusvæðum, golfvöllum o.fl. (Vejdirektoratet, 2008).

Áður en vegayfirvöld geta gefið leyfi fyrir uppsetningu almennrar þjónustuvegvísunar þarf að ganga úr skugga um að vegvísunin sé samfelld. Það þýðir að vegvísunin er sett upp á vegamótum þar sem vegfarendur þurfa að breyta um stefnu áður en áfangastað er náð (Vejdirektoratet, 2014a).

Til að vegvísun sé skýr er þumalputtareglan sú að vísa ekki á fleiri en 4 staði á sömu vegamótunum. Prófanir hafa sýnt að vegfarendur eiga erfitt með að meðtaka meiri upplýsingar. Fyrir læsileika skal alltaf nota stysta nafnið fyrir þjónustustaðinn sem vísað er á. Betra er að nota tákn frekar en texta á slíkum skiltum (Vejdirektoratet, 2014a).

Þegar vegayfirvöld skoða hvort það sé þörf á vegvísun er litið til eftirfarandi (Vejdirektoratet, 2014a):

- ▶ Hvað er að finna áður en að vegvísuninni er komið.
- ▶ Þjónustustaðurinn er sóttur af mörgum vegfarendum sem ekki eru staðarkunnugir.
- ▶ Þjónustustaðurinn er sóttur af mörgum rútubílstjórum.
- ▶ Vegakerfið er það flókið að erfitt er að finna veg.
- ▶ Hönnun vegarins (hæðir, beygjur o.s.frv.) gerir það að verkum að nauðsynlegt er að vara snemma við.

Þegar settir eru upp vegvísar sem vísa á þjónustu getur það virkað sem auglýsing fyrir þjónustuaðilann sem vísað er á. Þegar hætta er á áhrifum á samkeppni mega vegayfirvöld ekki setja upp skilti sem auka fjölda gesta að fyrirtæki. Aðeins skal horfa til umferðarinnar eða vegfarenda við uppsetningu vegvísa fyrir almenna þjónustu (Vejdirektoratet, 2014a).

Vegvísar eiga að vera lausir við auglýsingar í formi fyrirtækjanafna og lógó af því að vegfarendur eiga að einbeita sér að því sem hefur umferðarlega þýðingu. Það er að segja fyrst og fremst landfræðileg vegvísun til að finna leiðina að áfangastað (Vejdirektoratet, 2008).

Vegayfirvöld skulu bera allan kostnað vegna afgreiðslu umsóknar um vegvísi að almennri þjónustu og bera einnig kostnað við uppsetningu þeirra meðfram þjóðvegum (Vejdirektoratet, 2014a).

### 2.3.2.2 Sérstök þjónustuvegvísun

Sérstök þjónustuvegvísun er sett fram sem svartir og hvítir vegvísar. Einkafyrirtæki í ferðaþjónustu, afþreyingu eða öðrum viðskiptum sækja um slíkt og borga fyrir. Á slíka vegvísa má aðeins nota almenn orð um starfsemina, t.d. fornminjar, bakarí, glerblástur, dýraspítali o.s.frv. Sjá dæmi um slíkt skilti á mynd 2.9. Það má ekki nota nöfn eða lógó fyrirtækja á slík skilti (Vejdirektoratet, 2014b).

Ef notuð eru samþykkt þjónustutákn á vegvísana á ekki að nota texta samtímis. Sérstök þjónustuvegvísun er öfugt við almenna vegvísun ekki ákvörðuð út frá umferðarlegum forsendum, en þarf þó að uppfylla aðrar kröfur (Vejdirektoratet, 2014b).

Í lögnum segir að ekki mega nota önnur tákn en samþykkt eru af vegayfirvöldum fyrir sérstaka þjónustuvegvísun. Tákn sem notuð eru fyrir almenna þjónustuvegvísun á ekki að nota fyrir sérstaka þjónustuvegvísun. Þegar rétt tákn finnst ekki á að nota texta sem lýsir gerð starfseminnar sem vísað er á. Ekki má nota fyrirtækjaheiti eða lógó fyrirtækja (Vejdirektoratet, 2012).

Í grundvallaratriðum er aðeins vísað á fyrirtæki í dreifbýli. Hins vegar fyrir bæi með íbúafjölda innan við 1.000 manns má hafa vegvísi með tákni fyrir matvöruverslun við aðkomu að bænum. Það er hægt að setja upp vegvísa fyrir sérstaka þjónustu í þéttbýli ef eina eða næsta leiðin að fyrirtækinu er í gegnum gatnamót í þéttbýlinu. Ef fyrirtæki er



Mynd 2.9 Dæmi um sérstaka þjónustuvegvísun (Vejdirektoratet, 2014b).

aðeins opið hluta af árinu er vegvísirinn fjarlægður eða breitt yfir hann þegar fyrirtækið er ekki opið (Vejdirektoratet, 2014b).

Það má vísa á sérstaka þjónustu frá stærri vegum sem eru á vegakortum í mælikvarða 1:200.000. Það má aðeins setja slíka vegvísa á almenna vegi sem einnig eru opinberir vegir. Það má ekki setja slíka vegvísa á hraðbrautir og þjóðvegi. Það má ekki setja upp vegvísa á flókin gatnamót (Vejdirektoratet, 2014b).

Vegayfirvöld mega taka niður sérstaka þjónustuvegvísun ef það telst nauðsynlegt t.d. af umferðarlegum ástæðum að setja upp landfræðilega vegvísun eða almenna þjónustuvegvísun. Einnig má taka slíka vegvísa niður ef skiltið er í niðurníðslu, skemmt eða ef árlegt viðhaldsgjald hefur ekki verið greitt á réttum tíma (Vejdirektoratet, 2014b).

### 2.3.3 *Afstaða til auglýsinga meðfram vegum*

Almennt gildir að það á ekki að setja upp auglýsingaskilti í opnu landi. Undantekningar finnast þó í náttúruverndarlögum fyrir meðal annars fyrirtækjauglýsingar, skilti á atvinnusvæðum og minni upplýsingaskilti (Vejdirektoratet, 2008).

Fyrirtækjauglýsingar má setja upp nálægt fyrirtækinu sem um ræðir. Þær mega ekki vera yfirþyrmandi í umhverfinu og eiga ekki að sjást yfir lengri fjarlægðir (Vejdirektoratet, 2008).

Á skilgreindum atvinnusvæðum má setja upp skilti sem sýnir staðsetningu fyrirtækja á svæðinu. Skiltin eru því við aðkomuveg að svæðinu og gilda um þau ákveðnar reglur samkvæmt reglugerð um uppsetningu slíkra skilta. Er þar meðal annars tekið fram að skiltin mega ekki vera upplýst eða með endurkastandi efni (Vejdirektoratet, 2008).

Ef vegayfirvöld meta sem svo að auglýsingaskilti hefur skemmandi áhrif á umhverfið geta þau krafist þess að skiltið sé fjarlægt eða breytt uppfylli það ekki kröfur samkvæmt reglugerð (Vejdirektoratet, 2008).

Einnig voru skoðaðar nánari upplýsingar frá sveitarfélaginu Næstved varðandi skilti í opnu landi. Þar er tekið fram að skiltin eiga ekki að vera yfirþyrmandi í umhverfinu. Það sama gildir um auglýsingar á bílum, vörubílum, heyböggum og fleiri hlutum. Ef fólk leggur bíl merktum auglýsingu í þeim tilgangi til að auglýsa eitthvað má Næstved sveitarfélagið fjarlægja bílinn. Lagt er áhersla á að auglýsingaskiltin séu „falleg“ og falli inn í umhverfið. Bent er á að taka tillit til umferðarinnar og ekki staðsetja skilti þannig að hætta sé á að bílum sé staðnumið skyndilega og kæruleysislega. Á mynd 2.10 eru teikningar sem sýna dæmi um mismunandi auglýsingaskilti (Næstved kommune, 2013).



Mynd 2.10 Teikningar af auglýsingaskiltum (Næstved kommune, 2013).

### 3 Niðurstöður

Leitast verður við að svara þeim spurningum sem lagðar voru upp í byrjun verkefnis út frá þeim heimildum sem safnað hefur verið saman um reglur og verklag Svíþjóðar, Noregs og Danmörku í þessum efnum.

► Erlendur texti á umferðarskiltum.

1. Hver er almenn stefna Norðurlandþjóðanna þegar kemur að tungumáli á umferðarskiltum?

*Í Svíþjóð og Noregi er tekið sérstaklega fram að vegvísar hafa menningarlegt hlutverk og halda utan um örnefni. Stafsetning á heitum á að vera rétt og einungis staðarheiti samþykkt fyrir opinbera kortagerð skulu notuð á vegvísa. Það er því mikið lagt upp með það að varðveita tungumálið og nöfn staða. Í Danmörku eiga nöfn staða og vega sem sett eru á skilti að vera samþykkt af vegayfirvöldum.*

*Erlendur texti er leyfður á sumum skiltum þar sem nauðsynlegt er að vara við einhverju og mikilvægt að það skiljist sem flestum. Í tilfellum þar sem mismunandi málform eða tungumál eru notuð, t.d. í Noregi þá er notað málformið sem er meira viðtekið í viðkomandi sveitarfélagi.*

*Fyrir öll Norðurlöndin sem skoðuð voru var tekið fram við viss umferðarskilti, þá helst skilti við tollstöðvar á landamærum, að nota ætti að auki annað tungumál á skiltinu en þjóðtungu þess lands.*

2. Er erlendur texti leyfður á vegvísunum á Norðurlöndunum?

*Eins og áður sagði er lítið svo á í Svíþjóð og Noregi að vegvísar gegna menningarlegu hlutverki. Aðeins má nota staðarheiti á vegvísa sem samþykkt hafa verið fyrir opingerða kortagerð og uppfylla því málfarskröfur. Að því má leiða líkum að staðarheiti eru ekki sett fram á erlendum tungumálum á vegvísunum í þeim löndum. Í Noregi eru hins vegar fleiri opinber tungumál heldur en norska og þegar staður heitir nafni á öðru tungumáli en norsku á að nota það heiti á vegvísunum í stað þess að þýða nafnið yfir á norsku. Þegar vísað er til staðar í öðru landi í Noregi, t.d. til staðar í Finnlandi eða Rússlandi, skal staðarheitið stafsett eins og í viðkomandi landi.*

*Það er talað sérstaklega um vegvísun að þjónustu, starfsemi og fyrirtækjum í reglugerðum Norðurlandanna þriggja. Ekki er talað sérstaklega um kröfur til málfars þegar nöfn eða gerð þjónustu eru sett á vegvísa.*

3. Eru erlend heiti fyrirtækja/vörumerkja leyfð á skiltum á Norðurlöndunum?

*Ekki er talað sérstaklega um tungumál á nöfnum fyrirtækja í þeim reglum sem skoðaður voru. Í Noregi er tekið fram að best sé að stytta nafn fyrirtækis eins og unnt er og sleppa t.d. ehf og þess háttar. Fundið var dæmi um fyrirtæki í Noregi þar sem líklegt er að nafnið sé hálfpartinn á ensku. Skiltið sem um ræðir vísar á hótél sem heitir „Sola strand hotel“. Í norsku er hótél iðulega skrifað „hotell“ og því líklegt að síðasta orðið í nafni þessa fyrirtækis er á ensku.*

*Því er ljóst að ekki eru gerðar sömu málfarskröfur til fyrirtækjaheita eins og staðarheita.*

► Mörk milli þjónustuvegvísunar og auglýsinga.

1. Eru nöfn og lógó fyrirtækja leyfð á vegvísunum á Norðurlöndunum?

Í Noregi og Svíþjóð er leyfilegt að setja nafn fyrirtækis á vegvísi, það er hins vegar ekki leyft í Danmörku. Í Noregi er þó sagt að meira lýsandi sé að nota gerð starfsemi frekar en nafn fyrirtækis.

Í Danmörku eru lógó fyrirtækja ekki leyfð á vegvísa. Í Noregi eru lógó almennt ekki notuð og helst á að nota þau þjónustutákn sem í boði eru. Í Svíþjóð er það leyfilegt í einhverjum tilvikum að nota lógó fyrirtækis á þjónustuvegvísanir.

2. Hver er afstaða vegayfirvalda og sveitarfélaga Norðurlandþjóðanna til auglýsinga á vegsvæðum?

Almenn afstaða Norðurlandþjóðanna er að auglýsingaskilti eiga ekki heima á vegsvæðinu. Þó eru gerðar undantekningar á því. Auglýsingaskilti mega ekki valda hættu í umferðinni.

Í Noregi er tekið skýrt fram að fyrirtæki sem eru með opinbera þjónustuvegvísun að starfsemi sinni missa leyfið til að halda þeirri vegvísun ef þau verða uppvís að því að setja upp ólögleg auglýsingaskilti. Að sama skapi ef fyrirtæki er með löglega auglýsingu fær það ekki heimild til að setja upp þjónustuvegvísun.

Í Danmörku gildir almennt að ekki eigi að setja upp auglýsingaskilti í opnu landi, þó eru undantekningar á því. Fyrirtækjaauglýsingar mega ekki vera yfirþyrmandi. Lögð er áhersla á að auglýsingaskiltin séu „falleg“ og falli vel inn í umhverfið.

Tekið var eftir því að mismunandi reglur eru varðandi kostnað við uppsetningu vegvísa að þjónustu. Í Svíþjóð er það ávallt sá sem sækir um vegvísun að starfsemi sinni sem borgar fyrir framleiðslu og uppsetningu skiltis. Í Noregi þarf sá sem sækir um vegvísun að sinni starfsemi að greiða sjálfsábyrgð sem nær yfir viðhald skiltisins næstu 5 árin. Í Danmörku bera vegayfirvöld allan kostnað vegna afgreiðslu umsóknar um vegvísi að almennri þjónustu sem og kostnað við uppsetningu. Hins vegar fyrir sérstaka þjónustuvegvísun þurfa fyrirtæki að greiða árleg viðhaldsgjöld og það má taka vegvísinn niður ef það gjald hefur ekki verið greitt.

Í sænsku reglugerðinni um umferðarmerki er tekið fram að á sjúkrahúsum, flugvöllum, viðskiptasvæðum eða sambærilegum stöðum má vegvísun að stöðum vera framkvæmd öðruvísi en tilgreint er í reglugerðinni.

#### 4 Umræða

Mikilvægt er að reglur séu á hreinu og ákvarðanir teknar út frá gildandi reglugerðum. Það kemur í veg fyrir geðþóttaákvarðanir. Farið hefur verið yfir reglugerðir og fyrirkomulag þriggja Norðurlanda varðandi þessi mál. Þó það sé einhver breytileiki milli þeirra virðast þau sammælast um mikilvægi þess að vernda tungumálið og miðla staðarheitum á vegvísum. Staðarheiti eru tekin úr opinberum kortaskrá og ekki sett í slíkar skrár nema vera yfirfarin.

Talað var sérstaklega um tungumál og þótti brýnt að nota rétt stafsett orð. Hins vegar þar sem nafn á fyrirtæki er leyft var ekki talað sérstaklega um hvort nafnið þyrfti að vera á tungumáli þess lands eða ekki.

Í dreifbýli þarf að vísa á þjónustustaði til að aðstoða vegfarendur og koma í veg fyrir hættur. Alþjóðleg þjónustutákn geta reynst vel og hafa verið notuð hérlandis. Að setja nafn fyrirtækis samhliða slíku tákni er einnig gert hérlandis, það var hins vegar mismunandi milli Norðurlandanna hvort leyfilegt væri að hafa nafn fyrirtækis ásamt þjónustutákni á vegvísum. Á Íslandi er leyfilegt að hafa lógó fyrirtækja en þau eiga að vera á íslensku, það er þó ekki alltaf raunin og eru til skilti hér sem vísa á fyrirtæki með merkjum á ensku, t.d. „blue lagoon“. Það er mismunandi milli Norðurlandanna hvort lógó séu leyfð. Í Danmörku eru þau ekki leyfð, í Noregi eru þau almennt ekki leyfð en þó undantekningar á og í Svíþjóð eru þau leyfileg í einhverjum tilfellum. Þá er ekki gerð sérstök krafa um tungumál á lógó fyrirtækisins.

Mörk milli auglýsinga og vegvísunar verða óljósari þegar lógó fyrirtækja eru leyfð en hins vegar getur það hjálpað vegfarendum að rata að ákveðinni þjónustu, sérstaklega ef það er lógó sem er þekkt mörgum, t.d. lógó fyrir bensínkeðju, hótélkeðju o.s.frv.

Ætlast er til að þessi samantekt verði höfð til hliðsjónar við gerð frekari reglna um umferðarskilti og þá sérstaklega vegvísa. Horfa verður til núgildandi reglna og þeirra fordæma sem sett hafa verið en líta þó sérstaklega vel til menningarverðmæta náttúru Íslands og upplifun ferðamanna af því að keyra um þjóðvegi Íslands.

## 5 Heimildir

- Birna Hreiðarsdóttir. (2014). *Umferðarmerki á Íslandi í ljósi fjölgunar erlendra ökumanna á vegum landsins* (No. 1800-443). Vegagerðin.
- Bjarni Reynarsson. (2006). *Erlendir ferðamenn á Íslandi. Þróun á ferðavenjum og áhrif á samgöngukerfi*. Land-ráð sf.
- Elenor Persson. (2011, september 2). Märke H23 förberedande upplysning om vägnära service. Trafikverket.
- Næstved kommune. (2013). *Skilte i det åbne land - vejledning til landbrug, virksomheder, overnatnings- og salgssteder*. Næstved: Næstved Kommune.
- Reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995 (1995).
- Statens Vegvesen. (2012a, september 1). Serviceskilt. Sótt af <http://www.vegvesen.no>
- Statens Vegvesen. (2012b, september 1). Vegvisningsskilt. Sótt af <http://www.vegvesen.no/>
- Statens Vegvesen. (2014a). *Reklame og trafikkfare* (Statens vegvesens håndbokserie V323). Statens Vegvesen.
- Statens Vegvesen. (2014b). *Trafikkskilt - Del 1: Fellesbestemmelser* (Statens vegvesens håndbokserie N300). Statens Vegvesen.
- Statens Vegvesen. (2014c). *Trafikkskilt - Del 4A: Vegvisningsskilt: Planlegging og anvendelse* (Statens vegvesens håndbokserie N300). Statens Vegvesen.
- Statens Vegvesen. (2015). *Trafikkskilt - Del 5: Serviceskilt og virksomhetvisning* (Statens vegvesens håndbokserie N300). Statens Vegvesen.
- Trafikverket. (2014a, ágúst 27). Mer information om reklam intill allmän väg. Sótt af <http://www.trafikverket.se/>
- Trafikverket. (2014b, ágúst 27). Reklam intill allmän väg. Sótt af <http://www.trafikverket.se/>
- Trafikverket. (2015a, janúar 27). Kostnader för att sätta upp en vägvisningsskylt. Sótt af <http://www.trafikverket.se>
- Trafikverket. (2015b, janúar 27). Vägvisare är viktiga kulturbärare. Sótt af <http://www.trafikverket.se/>



---

Trafikverket. (2015c, janúar 27). Vägvisning till inrättningar. Sótt af

<http://www.trafikverket.se/>

Trafikverket. (2015d, nóvember 12). Vägvisning till företag eller andra anläggningar. Sótt

af [www.trafikverket.se](http://www.trafikverket.se)

Trafikverket. (2015e, nóvember 12). Vägvisning till serviceanläggningar. Sótt af

<http://www.trafikverket.se/>

Vegagerðin og Reykjavíkurborg. (2013). *Handbók um Umferðarmerki. Vegvísar.*

Vejdirektoratet. (2008). *Tavle og reklameskilte langs offentlige veje.* København:

Vejdirektoratet.

Vejdirektoratet. Bekendtgørelse om anvendelse af vejafmærkning nr. 801 (2012).

Vejdirektoratet. (2014a, júní 25). Almindelig servicevejvisning. Sótt af

<http://www.vejdirektoratet.dk/>

Vejdirektoratet. (2014b, júní 25). Særlig servicevejvisning. Sótt af <http://vejdirektoratet.dk/>

Vejdirektoratet. (2015). *Forbudstavler* (Håndbøger om afmærkning med færdselstavler).

Vejdirektoratet.

Vägmärkesförordning (2007:90) (2007).